


Ársskýrsla 2019





Ríkislögreglustjóri

Ársskýrsla 2019 Starfsemi og rekstur

Útgefandi: Ríkislögreglustjóri
www.logreglan.is

www.almannavarnir.is

Ritstjóri: Dröfn S. Guðmundsdóttir

Sviðsstjórar og deildarstjórar hjá ríkislögreglustjóra tóku saman efnið.

Útgefið í nóvember árið 2020

Efnisyfirlit

Ríkislögreglustjóri	4
Rekstur embættis ríkislögreglustjóra	6
Starfsmenn ríkislögreglustjóra	6
Yfirlit yfir verkefni RLS 2019.....	7
Umsjón með ökutækjum lögreglunnar	7
Ný ökutæki lögreglu	8
Almannavarnadeild.....	8
Alþjóðadeild	14
Fjarskiptamiðstöð	15
Greiningardeild	17
Sérsvait	18
Stoðdeild.....	19
Öryggismáladeild	20
Landamæradeild	21
Tölvudeild.....	23
Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu	24
Nordic Cooperation in Police Education (NORDCOP) samstarfið	27
Skjalastýring og móttaka	28
Rannsóknir og þróun.....	29
Starfsmenn lögreglu	31
Félagastuðningur og handleiðsla starfsmanna	31
Jafnréttismál lögreglunnar	32
Viðburðir, ráðstefnur og erlent samstarf	34
Fundir og námskeið sérsvaitar	34
Fundir og námskeið stoðdeildar	35

Ríkislögreglustjóri

Embætti ríkislögreglustjóra var frá upphafi falið að byggja upp margvíslega starfsemi í löggæslu og á sviði almannavarna og öryggismála. Kom það ýmist til vegna ákvörðunar ráðherra eða með lagabreytingum á Alþingi. Á þann veg jókst starfsemi embættisins bæði að umfangi og hvað verkefni varðaði.

Þau tímamót urðu í lok árs 2019 að Haraldur Johannessen lét af störfum sem ríkislögreglustjóri. Haraldur tók við sem ríkislögreglustjóri árið 1998 og á löngum starfstíma sínum stóð hann fyrir og leiddi umbótaverkefni í lögreglunni á miklum breytingartímum. Við sem eldri erum og munum gamla tíma í lögreglunni höfum orðið vitni að stórfelldum framförum í löggæslu undir forystu Haraldar á sama tíma sem þjóðfélagið allt hefur tekið miklum breytingum.

Haraldur lagði alla tíð áherslu á alþjóðasamstarf lögreglunnar. Við inngöngu Íslands í Schengen-samstarfið var ríkislögreglustjóra falið að stofna alþjóðadeild sem færi með Interpol-málefni og væri einnig Sirene-skrifstofa vegna Schengen-samstarfsins. Þá beitti Haraldur sér fyrir því að Ísland gerði samstarfssamning við Evrópulögregluna (e. Europol). Sameining þessara verkefna innan einnar deildar þótti nýmæli í alþjóðasamstarfinu en þykir í dag til fyrirmyndar.

Ríkislögreglustjóra var falið að starfrækja sérsveit lögreglunnar með reglugerð árið 1998. Lögð var áhersla á að fjölga í sérsveitinni og efla starfsemi hennar á alla vegu næstu árin og má segja að verulegur árangur hafi náðst á því sviði á árunum 2004 til 2006.

Endurskoðun fjarskiptamála lögreglunnar og innleiðing Tetra-fjarskipta hófst undir forystu Haraldar og stofnuð var fjarskiptamiðstöð lögreglu þegar árið 2000. Þá var embættinu falið að reka tölvukerfi lögreglunnar og koma upp samræmdu lögreglakerfi, LÖKE, fyrir öll lögregluembættin. Lögð hefur verið sívaxandi áhersla á búnað og þjálfun lögreglumanna. Sérstök áhersla var lögð á að efla umferðar-löggæslu í því skyni að fækka alvarlegum slysum og nýta við það nýjungar í löggæslubúnaði.

Árið 2003 voru almannavarnaráð og almannavarnir ríkisins lögð niður og verkefni þeirra flutt til ríkislögreglustjóra. Þá hófst mikil uppbygging á viðbúnaðargetu almannavarna. Samhæfingarstöð almannavarna var stofnuð og staðsett við hlið fjarskiptamiðstöðvar og Neyðarlínunnar í Skógarhlíð. Jafnframt var starf á sviði almannavarna eftt innan lögreglu og í samstarfi við aðrar stofnanir og félagasamstök. Vel þykir hafa tekist til við þessar breytingar.

Samhliða breytingum á lögreglulögum var stofnuð greiningardeild hjá embætti ríkislögreglustjóra árið 2007. Hún hefur frá upphafi unnið viðamiklar greininga-skýrslur sem nýttar hafa verið við val á áherslum í löggæslu svo sem baráttu við skipulagða glæpastarfsemi, mansal og vændi.

Við endurskoðun á menntunarmálum lögreglumanna fékk ríkislögreglustjóri það hlutverk að starfrækja Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar og er þar nú

öflug starfsemi bæði varðandi grunnþjálfun lögreglunema en einnig varðandi framhaldsmenntun og þjálfun hjá lögreglunni.

Ríkislögreglustjóra var falið að stofna landamæradeild á þessu ári og hefur einnig tekið að sér verkefni í samvinnu við önnur embætti og ráðuneyti svo sem að starfrækja stoðdeild og öryggisdeild sem hóf starfssemi á árinu.

Haraldur lagði frá upphafi áherslu á að fjölga konum í lögreglustarfi og stuðlaði með virkum hætti að jafnréttismálum innan lögreglu. Hann lagði auk þess áherslu á félagastuðning og handleiðslu starfsmanna. Þá beitti hann sér fyrir rannsóknum og þróun í störfum lögreglunnar. Hann hefur allan sinn starfsferil beitt sér fyrir eflingu lögreglunnar á öllum sviðum, svo sem fjölgun lögreglumanna, auknum fjárveitingum, bættum tækjabúnaði og menntun.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka Haraldi fyrir allt hans framlag til þróunar og eflingar lögreglunnar undanfarna áratugi og ánægjulegt samstarf.

Jón F. Bjartmarz


Yfirlögregluþjónn



Rekstur embættis ríkislögreglustjóra

Starfsmenn ríkislögreglustjóra

Í lok árs var fjöldi starfsmanna embættis ríkislögreglustjóra 139, einum færri en árinu áður. Þar af voru 22 konur og 117 karlar, sjá mynd 1.



Mynd 1. Fjöldi starfsmanna við embætti ríkislögreglustjóra eftir kyni 2019.

Heildarstarfsmannavelta embættisins var 2,2% og raunvelta 1,4%. Fjöldi ársverka starfsmanna var 138,48 og hlutfall tapaðra vinnustunda vegna veikinda, slysa og veikinda barna 12.862, sjá töflu 1.

Tafla 1. Yfirlit yfir starfsmannafjölda, kynjahlutföll, tapaðar vinnustundir og starfsmannavelta 2019.

Heildarfjöldi starfsmanna 31.12.2019	139
Hlutfall kvenna meðal starfsmanna	Af 139 starfsmönnum eru 22 konur, eða 15,8%
Hlutfall kvenna meðal lögreglumanna	Af 108 lögreglumönnum eru 8 konur, eða 7,4%
Hlutfall tapaðra vinnustunda vegna veikinda, slysa og veikinda barna	12.862
Heildarvelta	2,20%
Raunvelta	1,40%
Ársverk	138,48

Yfirlit yfir verkefni RLS 2019

Umsjón með ökutækjum lögreglunnar

Bílamiðstöð ríkislögreglustjóra lagði lögreglunni til 114 ökutæki. Heildarakstur ársins var 3.558.939 km sem var aðeins minni akstur en á árinu á undan. Akstur og tjón á ökutækjum lögreglu dreifist með eftirfarandi hætti á lögregluembættin, sjá töflu 2.

Tafla 2. Tjónakostnaður og akstur ökutækja hjá lögregluembættum árið 2019, eknir kílómetrar.

Lögregluembætti	Ökutæki	Tjónakostn. kr	Akstur km	Kostn/km
Ríkislögreglustjóri	14	1.960.120	161.886	12,1 kr.
Lögr. á höfuðborgarsv.	43	15.328.370	992.211	15,4 kr.
Lögr. Vesturlandi	6	38.000	264.706	0,1 kr.
Lögr. Vestfjörðum	7	Tjónlaus	183.227	0,0 kr.
Lögr. Norðurl-Vestra	2	Tjónlaus	209.639	0,0 kr.
Lögr. Norðurl-Eystra	11	4.154.873	401.682	10,3 kr.
Lögr. Austurlandi	8	Tjónlaus	268.853	0,0 kr.
Lögr. Suðurlandi	13	241.985	645.236	0,4 kr.
Lögr. Vestmannaeyjum	2	118.960	56.639	2,10 kr.
Lögr. Suðurnesjum	8	886.619	374.860	2,4 kr.
Alls	114	22.728.927 kr.	3.558.939 km	6,39 kr.

Ríkislögreglustjóri heldur skrá yfir tjón sem verða á ökutækjum og búnaði lögreglunnar. Tjónakostnaður er breytilegur á milli ára og ræðst það af eðli og stærð tjóna, sjá töflu 3.

Tafla 3. Fjöldi og kostnaður tjóna á ökutækjum frá 2015-2019.

	2015	2016	2017	2018	2019
Fjöldi tjóna	58	53	53	71	69
Fjárhæð tjóna í kr.	11.339.063	5.214.640	11.739.343	26.241.976	22.728.927

Flest tjón á ökutækjum lögreglunnar verða við hefðbundið löggæslueftirlit. Starfs-
hópur ríkislögreglustjóra um eftirlit með ökutækjum lögreglu sendir lögreglu-
stjórum viðkomandi umdæma upplýsingar um hraða og akstur ökutækja lögreglu
þar sem tjón hafa orðið og óskar eftir upplýsingum um afgreiðslu lögreglustjór-
anna á þeim málum.

Ríkislögreglustjóri gerir bótakröfur á tjónvald þegar skemmdarverk eru unnin á ökutækjum lögreglunnar. Nokkur slík tilvik voru á árinu. Af heildartjónakosnaði ársins voru innheimtar bótakröfur að upphæð 1.869.163 kr. Ekki er getið hér um þau tjón er verða á bílaleigubílum sem lögregluembættin leigja.



Ný ökutæki lögreglu

Á árinu voru 10 ökutæki af gerðinni Volvo V90 afhent lögregluembættum en hluti þeirra voru pöntuð á árinu 2018. Einnig fékk lögreglan á höfuðborgarsvæðinu þrjú lögreglubífhjól af gerðinni BMW. Þar fékk landamæradeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu nýjan bíl til eftirlits.

Bílamiðstöð ríkislögreglustjóra aflögð

Að ákvörðun Dómsmálaráðuneytisins var bílamiðstöð ríkislögreglustjóra aflögð þann 1. janúar 2020. Þar með hætti samrekstur lögregluembættanna um ökutæki og búnað lögreglunnar. Hvert lögregluembætti á nú sín ökutæki og bera þau ábyrgð á rekstri þeirra og endurnýjun. Stofnaður var starfshópur lögreglunnar um ökutæki lögreglunnar. Í hópnum eru fulltrúar allra lögregluembættanna.

Almannavarnadeild

Á árinu voru skráð útköll í aðgerðagrunni almannavarna alls 61 og æfingar alls 27 á landinu, sjá mynd 2.



Mynd 2. Útköll/aðgerðir og æfingar eftir lögregluembættum.

Þjálfun viðbragðsaðila

Haldin voru nokkur námskeið á vegum deildarinnar á árinu, þar á meðal var þjálfun nýliða í áhöfn samhfingarstöðvarinnar í mars. Þjálfunin fólst í fræðslu um stjórnstöðvarvinnu í neyðarástandi og nauðsynlegri þekkingu á SÁBF - kerfi almannavarna og aðgerðagrunni. Hluti af þjálfuninni er almannavarnaæfing þar sem reynir á þá þekkingu. Einnig var haldið vettvangsstjóranámskeið á Akureyri í mars fyrir viðbragðsaðila á Norðurlandi og Austurlandi. Í febrúar voru tvö verkþáttastjórnunarámskeið og -kynning haldin fyrir viðbragðsaðila á Sauðárkróki. Einnig var deildin með fræðslu fyrir áhafnir varðskipanna.

Tafla 4. Íbúafundir á landsbyggðinni.



Fjöldi funda	Íbúafundir á landsbyggðinni	Landshluti
3	Fundur í Vík vegna öryggis ferðamanna á og við Sólheimajökull og rýnifundur á Kirkjubæjarklaustri vegna rútuslyssins í Eldhrauni árið 2017.	Suðurland
2	Íbúafundur og fundur með ferðaþjónustu vegna Svínafellsheiðar	Suðurland
2	Íbúafundur og fundur með ferðaþjónustu vegna Örfajökuls og Svínafellsheiðar.	Suðurland
3	Íbúafundir í Lundi í Öxafirði og Ljósvefningabúð í Kinn um jökulhlaup til norðurs af völdum eldgosa undir Vatnajökli	Norðurland eystra



Viðbragðs- og rýmingaráætlanir og æfingar tengdar þeim

Á árinu var unnið að fjölda viðbragðsáætlana. Ýmist var um að ræða uppfærslu á eldri áætlunum eða nýjar áætlanir. Má þar nefna uppfærslu flugslysaáætlana fyrir Gjögur-, Grímseyjar- og Hornafjarðaflugvöll í framhaldi af æfingum á þessum flugvöllum. Viðbragðsáætlun fyrir hópslys á Austurlandi var uppfærð sem og fyrir Norðurland vestra að stórum hluta. Stór hópslysaæfing var haldin við Húsavík en þar voru æfð viðbrögð við árekstri tveggja hvalaskoðunarskipa á Skjálfanda. Þá var hafist handa við áætlun vegna strandaðra hvala. Unnið var að viðbragðs- og rýmingaráætlun vegna Örfæjökuls og voru haldnir þrír upplýsingafundir fyrir íbúa í Örfæum. Óvissustigi sem lýst var yfir 17. nóvember 2017 vegna virkni í Örfæjökli var aflýst 5. júní 2019.

Unnið var að landsáætlun almannavarna vegna eiturefna, sýkla, geislunar, kjarnorku og sprengiefna (CBRNE) og var verkefnið kynnt í umdæmum landsins um haustið. Markmið áætlunarinnar er að lágmarka þann skaða sem getur orðið vegna ofangreindra efna. Lögreglustjórar, umdæmislæknar sóttvarna og slökkviliðsstjórar hlutaðeigandi umdæma bera ábyrgð á virkjun áætlunarinnar að fullu eða að hluta í samvinnu við ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni. Í lok árs var gefin út rýmingaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið en markmið hennar er að forða íbúum á höfuðborgarsvæðinu úr varhugaverðum aðstæðum og flytja þá á milli borgar- og/eða bæjarhluta ef aðstæður krefjast. Rýmingaráætlunin var unnin af almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins, lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, Rauða krossinum á Íslandi og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Rýmingaráætlunin er til leiðbeiningar en felur ekki í sér endanleg fyrirsmáli heldur miðast við aðstæður hverju sinni.



Aftakaveður í desember

Ríkislögreglustjóri lýsti yfir óvissustigi á landinu öllu þann 9. desember í samráði við alla lögreglustjóra landsins en Veðurstofa Íslands hafði spáð aftakaveðri um allt land 10 – 11 desember. Þann 9. desember lýsti Veðurstofan yfir rauðu viðvörunarstigi á Ströndum og Norðurlandi vestra og þann 10. desember einnig á Norðurlandi eystra. Rauðar viðvaranir lýsa hættulegu veðri, sem hefur mjög mikil samfélagsleg áhrif. Sérstaklega var bent á að slík veðurviðvörðun væri sjaldgæf, að viðbúið væri að samgöngur lokist og aðgengi að innviðum og þjónustu skerðist. Þetta var í fyrsta skipti, sem rauðar viðvaranir eru gefnar út frá því litakóðað viðvörunarkerfi Veðurstofunnar var tekið upp árið 2017. Snemma þann 10. desember versnaði veðrið verulega á Norðurlandi bæði með miklum vindi og ofankomu. Hitastig var nálægt frostmarki við ströndina og fylgdi veðrinu mikil ísing á raflinum. Vindhraði var viðvarandi yfir 25 m/s á landinu. Lýst var yfir hættustigi á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra.

Veðrið var fordæmalaust og afleiðingarnar afdrifaríkar. Mikil truflun varð á helstu innviðum, þá helst samgöngum, raforku og fjarskiptum. Aðstæður sköpuðust sem verða að teljast afar sjaldgæfar en falla samt sem áður undir hamfarir sem krefjast viðbúnaðar. Í áhættuskoðun almannavarna frá því árið 2011 var hvatt til víðtækra innviðauppbygginga í landinu en þar kom fram að flókin kerfi innviða væru viðkvæm og viðbúnaður og viðbrögð við áföllum í þessum kerfum virtist ekki alltaf nægilega skýr þegar kemur að almannavarnakerfinu. Mikið hefur áunnist síðustu ár en samfélagið er samt sem áður áfram berskjaldað og mjög háð þessum innviðum. Einnig var bent á að varaafli væri víða af skornum skammti og mörg viðkvæm kerfi væru meira og minna háð raforku. Innbyrðis tengsl kerfanna væru mikil og erfitt að sjá fyrir hvernig samfélagið gæti virkað kæmi til stórvægilegra truflana. Samkvæmt áhættuskoðuninni töldu umdæmin að einnig væri þörf á úrlausnum og aðgerðum til að takast á við aftakaveður.



Mynd 5. frá RARIK sem sýnir dæmi um rafmagnsleysi 10-11 desember
 “<https://www.rarik.is/rof>”

GOSVÁ. Á árinu hófst þriðji áfangi verkefnisins GOSVÁ og nær hann yfir fimm ára tímabil. Verkefnið snýst um að meta hættu, sem stafar af eldgosum á Íslandi. Helstu þættir sem eru skoðaðir eru hraunrennsli, jökulhlaup, öskufall og gasmengun af völdum eldgosa. Á næstu fimm árum verða Reykjanesskagi, Vestmannaeyjar, Örafajökull og eldstöðvar í norðvestanverðum Vatnajökli í brennidepli. Alls verða um 30 verkefni unnin á þessu fimm ára tímabili. Verkefnin eru að mestu fjármögnuð af Ofanflóðasjóði samkvæmt lögum þar um. Sjóðurinn má leggja 50 milljónir króna til verkefna á hverju ári í fimm ár, alls 250 milljónir króna. Því til viðbótar hefur fengist fé frá öðrum aðilum til einstakra verka. Veðurstofa Íslands hefur umsjón með verkefninu en einnig koma Jarðvísindastofnun Háskólans, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Landgræðsla ríkisins og Vegagerðin að verkinu og eiga þessar stofnanir allar fulltrúa í verkefnisstjórn.

Nefndir og vinnuhópar

Starfsmenn deildarinnar starfa í fjölmörgum vinnuhópum og nefndum sem tengjast starfinu, ýmist fastar nefndir eða vinnuhópar vegna verkefna. Dæmi um slíkar nefndir og vinnuhópa eru samráðsnefnd um stórslysavarnir, mengunavarnaráð hafna, samráðshópur um áfallahjálpi í samhæfingar- og stjórnstöðvar almannavarna (SST), stýrihópur vegna GOSVÁ 3 og verkefnastjórn vegna gosvár.



Þá má nefna neyðarsamstarf raforkugeirans (NSR) sem er samstarfsvettvangur flutningsaðila, stórra framleiðenda og dreifiveitna, stóriðju, Samorku, Orkustofnunar og almannavarna en fulltrúi frá deildinni situr í NSR fyrir hönd ríkislögreglustjóra. NSR hefur starfað frá árinu 2006 en helstu verkefni þess eru að undirbúa viðbrögð og viðbúnað við vá, samræma skipulag í undirbúningi viðbragða, mynda og styrkja tengsl aðila, fræðsla í formi námskeiða, kynninga og funda, hvetja til gerðar viðbragðsáætlana og halda reglulegar æfingar með ýmsum viðbragðsaðilum.

Erlent samstarf og þjálfun. EES samningurinn gerir almannavörnum á Íslandi kleift að taka þátt í almannavarnasamstarfi Evrópu (e. Union Civil Protection Mechanism). Í gegnum samstarfið geta viðbragðsaðilar almannavarna sótt þjálfun, æfingar, vinnufundi og ýmsa fræðslu. Einnig er boðið upp á röð námskeiða sem ætlað er að undirbúa þátttakendur til að takast á við almannavarnastarfið og um leið tækifæri til starfa á hamfarasvæðum. Sóttir voru þrír fundir í almannavarnanefnd Evrópusambandsins þar sem fram fer skipulagning samstarfsins. Einnig var sóttur fundur þar sem þjálfun þátttökuríkja var skipulögð.

Deildin hefur haft umsjón með námskeiðum sem kallast Operational Management Course (OPM) ásamt almannavörnum Þýskalands, Ítalíu, Búlgaríu og Írlands. Á OPM námskeiðunum er áhersla lögð á samhæfingu viðbragðsaðila í aðgerðum, þekkingu og hæfni í teymisvinnu, áætlanagerð og fleira. Síðastliðið haust var haldið OPM námskeið á Íslandi og var það sótt af viðbragðsaðilum víðs vegar úr Evrópu.



Exchange of Experts in Civil Protection (EXE). Hluti af þjálfunaráætlun Evrópusambandsins sem almannavarnir hafa tekið þátt í, kallast Exchange of Experts, bæði með því að taka á móti og senda fulltrúa í fræðsluferðir.

NORDRED. Deildin tekur þátt í norrænu samstarfi, sem byggðir á norrænum björgunarsamningi Norðurlandanna og er fundað í NORDRED vinnuhópnum tvisvar á ári. Ísland tók við formennsku í samstarfinu á árinu til þriggja ára.

Rannsóknarverkefni

NORDRESS (Nordic Centre of Excellence on Resilience and Societal Security). Á árinu voru m.a. birtar greinar um rannsóknir á áhrifum eldgosa á heilsu og mikilvægi upplýsingagjafar í hamförum. Fulltrúi deildarinnar tók þátt í Evrópuráðstefnu um aðlögun að loftslagsmálum.

ChEESE. Rannsóknarverkefni í Horizon 2020 rannsóknaráætluninni þar sem almannavarnir tengjast hermunum í jarðvísindum.

EUROVOLC samanstendur af þremur mismunandi gerðum verkefna; svonefndra “Networking”- verkefna, rannsóknaverkefna og verkefna sem veita aðgengi að rannsóknainnnviðum í eldfjallaeftirlits- og rannsóknastofnunum Evrópu. Bæði Veðurstofan og Háskóli Íslands munu veita aðgengi að rannsóknainnnviðum sínum til umsækjenda sem hyggjast stunda rannsóknir á íslenskum eldfjöllum. EUROVOLC byggir á afrakstri og/eða tengist öðrum stórum Evrópuverkefnum sem miða öll að uppbyggingu rannsóknainnnviða Evrópu í jarðvísindum, eflingu og samtengingu rannsóknnaumhverfis jarðvísindafólks álfunnar. Verkefnið byggist á samstarfi íslenskra jarðvísindastofnana og styrkir stöðu íslensks jarðvísindafólks í alþjóðlegum rannsóknaverkefnum og samvinnu við almannavarnir. Innan EUROVOLC verkefnisins er eitt undirverkefni þar sem deildin hefur haft aðkomu að og varðar ferðamenn og eldfjallahættu. Tveir starfsmenn almannavarna-deildarinnar sóttu ársfund verkefnisins á Asoreyjum.

Alþjóðadeild

Kjarnastarfsemi alþjóðadeildar felst í að veita lögregluembættum og öðrum samstarfsaðilum þjónustu á sviði erlends lögreglusamstarfs. Jafnframt að annast afgreiðslu erinda sem berast í gegnum upplýsinga- og samskiptakerfi þess lögreglusamstarfs sem deildin er landsskrifstofa fyrir, Europol, Interpol, Schengen-samstarfið og Norrænt lögreglusamstarf.

Á síðustu árum hefur deildin lagt áherslu á að efla kjarnastarfsemina á þann veg að upplýsa og bæta aðgengi og nýtingu íslenskra lögreglufyrivalda á þeim úrræðum og möguleikum sem erlent lögreglusamstarf býður uppá.

Að auki annast alþjóðadeild margvísleg önnur verkefni, m.a. uppflettingar á áhöfnum og farþegum skipa, samstarf vegna erlendra knattspyrnuleikja (NFIP-samstarfið) og sem tengiliður Nordic ENFAST samstarfsins og annarra vinnuhópa. Árlega fer talsvert vinnuframlag í samráð, framþróun og eftirlit tengt rekstri sérhæfðra samskiptakerfa og gagnagrunna sem deildin vinnur með.

Mikilvægi alþjóðlegrar lögreglusamvinnu

Alþjóðlegt lögreglusamstarf og upplýsingaskipti eru mikilvæg, hvort sem það tengist fyrirbyggjandi aðgerðum á sviði löggæslu- og öryggismála, beinum samskiptum í þágu framgangs lögreglurannsókna eða almennra fyrirsæurna og/eða miðlun upplýsinga í sameiginlega gagnagrunna eða landsgrunna samstarfslanda.

Íslensk lögreglufyrirvöld standa frammi fyrir mörgum og krefjandi áskorunum á sviði erlends lögreglusamstarfs sem meðal annars eru tilkomnar vegna breyttra þjóðfélagslegra aðstæðna, nýrra erlendra samskiptakerfa og gagnagrunna og aukinna krafa og væntinga frá erlendra samstarfsaðilum.

Verkefni

Verkefnum og erindum alþjóðadeildar fjölga og eru á fjölbreyttara sviði og oft umfangsmeiri en áður hefur verið. Alþjóðadeild hefur tekist vel að mæta auknu álagi en takmarkað er hversu lengi það gengur án meiri og markvissari sjálfvirkni og samkeyrslu tölvukerfa.

Á síðustu tveimur árum fjölgaði innkomnum Interpol skeytum um 73% og útsendum um 161%. Málum og skeytum alþjóðadeildar í gegnum Europol samskiptakerfið (SIENA) fækkaði lítillega en á móti hefur aðgangur lögreglumanna út í embættunum að kerfinu aukist um 74%. Fjöldi skeyta í gegnum sameiginlegt netfang alþjóðadeildar hefur haldist nærri óbreytt. Innkomnum skeytum í samskiptakerfi Schengen-samstarfinu (SIRENE) fjölgaði um 122% og útsendum um 111%. Þá fjölgaði íslenskum skráningum í gagnagrunni Schengen samstarfsins (SIS) um 45%, staðfestum smellum¹ hérlandis á erlendar skráningar um 78% og smellir erlendis á íslenskar skráningar hafa nærri þrefaldast.


Verulegt átak þarf að gera í að efla sjálfvirkni og samþættingu íslenskra samskiptakerfa og gagnagrunna m.t.t. þátttöku íslenskra lögreglufyrirvalda í alþjóðlegu lögreglusamstarfi. Það er lykilatriði í að hámarka nýtingu þeirrar þjónustu og úrræða sem samstarfslönd, löggæslustofnanir og erlendir gagnagrunnar bjóða uppá og yrði efalaust framfaraskref í rannsókn og afgreiðslu innlendra mála.

Sífelld meiri áhersla er lögð á rekstur stórra miðlægra upplýsinga- og gagnagrunna þar sem aðildalþjóðir eru sjálfbærar með uppflettingar og skráningar eigin upplýsinga m.t.t. miðlunar til samstarfsaðila og smella síðar meir. Mikilvægt er að Ísland taki fullan þátt í þeirri starfsemi og framþróun.

Á árinu hélt alþjóðadeild 24 kynningar og námskeið fyrir lögreglu og samstarfsaðila en starfsmenn sóttu 20 kynningar og námskeið. Þá komu sjö starfsmenn lögreglu til starfskynningar í alþjóðadeild. Starfsmenn deildarinnar sóttu 25 fundi/ráðstefnur erlendis og sjö innanlands. Þá lagði alþjóðadeild til starfsmenn í 21 lögreglufylgd, á 20 viðburði/verkefni og til annarra starfseininga lögreglu og/eða samstarfsaðila.

Fjarskiptamiðstöð

Starfsmenn fjarskiptamiðstöðvar ríkis-lögreglustjóra (FMR) taka á móti neyðarsímtölum og tilkynningum til lögreglu frá Neyðarlínunni (112), annast útkallsstýringu alls útkallsliðs lögreglu á landinu og stýra fyrstu aðgerðum lögreglu á vettvangi. Einnig veitir FMR lögregluliðum lands ýmsa aðra þjónustu.




1 Smellur er þegar staðfest samsvörun er milli upplýsinga sem leitað er eftir og þeirra sem eru skráðar í gagnagrunn

FMR er samtengd starfsemi samhæfingar- og stjórnstöðvar almannavarna (SST) og er hluti af áhöfn hennar.

Unnið var í nokkrum umbótaverkefnum á árinu. Má þar nefna sem dæmi innri vefsíðu FMR. Á vefsíðunni eru ýmsar upplýsingar og leiðbeiningar sem nýtast lögreglumönnum á FMR sem og lögreglumönnum sem þurfa á þjónustu FMR að halda. Einnig var unnið við að koma á gagnvirkum kortagrunni í myndavélakerfi lögreglunnar til hagræðingar fyrir starfsmenn. Markmiðið með því var að stytta viðbragðstíma útkalla og auðvelda upplýsingamiðlun til lögreglumanna á vettvangi.

Tölfræði



Mynd 6. Fjöldi símtala sem flokkast sem lögregluverkefni og voru flutt frá Neyðarlínu til FMR:

Tafla 5. Þjónusta veitt af FMR til lögregluliða í tengslum við rannsóknir mála.

Ár	Fjöldi mála
2017	157
2018	190
2019	193

Tafla 6. Þjónusta veitt af FMR við lögregluliðin tengd málefnum barna og unglinga að 18 ára aldri.

	2017	2018	2019
Aðstoð við opinbera aðila- barnavarndarnefni	385	420	409
Leit-Eftirgrennslan	688	670	618

Greiningardeild

Þátttöku í alþjóðlegu samstarfi fylgir að greiningardeild tekur á ári hverju saman upplýsingar um íslenska löggæslu og öryggismál.

Á árinu vann deildin m.a. skýrslur um margvíslega þætti íslenskra öryggismála m.a. öryggi á fjöldasamkomum, íþróttakappleikjum o.fl. Deildin annaðist einnig áhættugreiningar vegna loftrýmisgæslu á vegum Atlantshafsbandalagsins (NATO), greiningar tengdar verkefnum sérsveitar ríkislögreglustjóra auk fjölda áhættugreininga vegna komu erlendra ráðamanna og þjóðhöfðingja.

Þá vann deildin skýrslur fyrir Þjóðaröryggisráð á formi áhættumats er vörðuðu flest svið löggæslu- og öryggismála og má þar nefna hernaðarógn gagnvart Íslandi, hryðjuverkaógn, tölvu- og netglæpi, landamæraöryggi, fjölþáttaógnir (e. hybrid threats) og fleiri þætti öryggismála ríkisins. Auk þess sinnti deildin vöktun og skýrslugerð varðandi erlenda atburði, einkum ófrið og samfélagslega upplausn, sem haft geta áhrif á Ísland og íslenska hagsmuni.

Deildin sinnir hlutverki ríkislögreglustjóra sem öryggisstjórnvald (e. National Security Authority) á grundvelli samninga við alþjóðastofnanir og ríki sem Ísland hefur undirgengist. Í því felst m.a. útgáfa öryggisvottana fyrir einstaklinga sem og öryggisviðurkenninga fyrir byggingar og/eða aðstöðu og upplýsingakerfi. Deildin veitir þeim stofnunum er starfa á grundvelli slíkra samninga ráðgjöf um öryggismál og jafnframt hefur hún eftirlit með starfsemi þeirra hvað varðar verkefni sem falla undir málaflokkana, þ.m.t. varðandi vinnslu og vistun trúnaðarflokkaðra upplýsinga.

Samvinnu var komið á við landamæradeild við að tryggja heildstæða og samræmda nálgun við landamæravörslu í samræmi við kröfur í alþjóðasamstarfi. Í því felst jafnframt stuðningur við lögregluembættin í verkefnum tengdum landamæravörslu. Þá er hlutverk deildarinnar einnig að gera áhættumat á landamærum Íslands.

Ný verkefni settu mark sitt á starfsemi greiningardeildar á árinu. Starfsmaður deildarinnar, tilnefndur af ríkislögreglustjóra, tekur þátt í stýrihópi stjórnvalda um varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Að auki stýrir starfsmaðurinn gerð áhættumats vegna málaflokksins. Sú vinna fer fram innan ramma alþjóðastofnunarinnar FATF (Financial Action Task Force). Árið 2018 gerði FATF athugasemdir við framkvæmd Íslendinga á skuldbindingum sínum og var stýrihópurinn myndaður í kjölfar þeirra auk sem þess lögum var breytt í því skyni að auka eftirlit vegna peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka.


Starfsmenn greiningardeildar sóttu fundi og ráðstefnur hér á landi sem erlendis þar sem m.a. var fjallað um skipulagða glæpastarfsemi og öryggismál. Starfsmenn önnuðust einnig kynningar af ýmsum toga tengdar íslenskum öryggismálum.

Sérsvait




Sérsvaitarverkefni

Alls voru skráð 384 sérsvaitarverkefni á árinu og þar af báru sérsvaitarmenn skotvopn í 250 tilfellum. Þá veitti sérsvait tilteknum embættum og stofnunum kennslu og þjálfun í 35 skipti á árin er ekki hluti af fyrrnefndum verkefnafjölda. Hvert sérsvaitarverkefni getur samanstðið af fleiri en einum verkefnaflokk en það veltur á eðli verkefnanna. Sjá nánar á mynd 7.




Mynd 7. Fjöldi verkefna sérsvaitarinnar eftir verkefnaflokkum árið 2019.



Almenn lögregluverkefni

Samtals voru skráð 2.098 almenn lögregluverkefni sem sérsveitin vann til viðbótar við sértæk verkefni. Flest verkefnin snéru að handtökum, heimilisofbeldi og eftirliti.

Sjá nánari skiptingu á mynd 8.




Mynd 8. Fjöldi almennra lögregluverkefna sérsveitar eftir eðli verkefna árið 2019.

Stoðdeild




Starfsemi stoðdeildar á árinu var með venjubundnum hætti þar sem grunnstarfsemi var framkvæmdir fylgda úr landi samkvæmt ákvörðunum útlendingastofnunar. Hluti af þeim fylgdum sem framkvæmdar voru árið 2019 voru í samstarfi við Frontex, þ.e.a.s. þegar ríkisborgarar utan Schengen-samstarfsins þurfa að fara til heimalands.

Verkbeiðnir/framkvæmdir. Alls voru skráðar 550 verkbeiðnir á deildina. Sjá mynd 9. Skráðar eru niðurstöður hvernar verkbeiðnar í LÖKE með dagsetningum og athugasemdum ef með þarf. Sjá mynd 10.



Mynd 9. Tegund verkefna stoðdeildar árið 2019.



Mynd 10. Lyktir verkefna stoðdeildar sem skráð voru árið 2019.

Á árinu var tekið í notkun nýtt bókunarkerfi Frontex þar sem aðildarþjóðir geta bókað sæti með áætlunarflugi frá upphafslandi til endastöðvar. Allur kostnaður við flugfarmiða er greiddur beint af Frontex en annar kostnaður er endurgreiddur eftir heimkomu. Á árinu flutti stoðdeildin 88 manns í 44 ferðum. Aðrar ferðir með Frontex á árinu voru tvær með níu einstaklinga, sem voru samstarfsferðir aðildarþjóða Frontex.

Öryggismáladeild

Öryggismáladeild ríkislögreglustjóra hóf starfsemi 1. september 2019 og heyrir undir löggæslu- og öryggisvið.

Öryggismáladeildin var stofnuð í framhaldi af samkomulagi sem embætti ríkislögreglustjóra og forsætisráðuneytið gerðu sín á milli og miðar samkomulagið að því sameiginlega markmiði að efla öryggi æðstu stjórnar ríkisins umtalsvert frá því sem verið hefur. Aukið öryggi felst í því að manna öryggisgæsluna í Stjórnarráðshúsinu með lögreglumönnum á sólarhringsvöktum alla daga ársins. Með þessu fyrirkomulagi verður viðbragðstími styttri og hægt að takast strax á við aðsteðjandi ógnir.

Í deildinni starfa sex lögreglumenn þ.e. aðstoðaryfirlögregluþjónn í dagvinnu og fimm varðstjórar á sólarhringsvöktum.

Verksvið öryggismáladeildar er eftirfarandi:

- Öryggisgæsla í forsætisráðuneytinu sem er fólgin í fyrirbyggjandi eftirliti í Stjórnarráðshúsinu, Ráðherrabústaðnum og öðru húsnæði sem forsætisráðuneytið hefur starfsemi í.
- Annast skipulag opinberra heimsóknna og samskipti við sendiráð, önnur ráðuneyti og forsetaembættið.
- Öryggisúttektir hjá ráðuneytum stjórnarráðsins, Alþingi, forsetaembættinu og heimilum ráðherra.
- Áætlanagerð á sviði öryggismála og þjálfun starfsfólks stjórnarráðsins í málaflokknum.

Landamæradeild

Landamæradeild er ný deild innan embættis ríkislögreglustjóra en hún tók formlega til starfa þann 1. janúar 2019 þegar tveir starfsmenn hófu þar störf. Meginhlutverk deildarinnar er að vera samhæfingaraðili í málefnum landamæra og tryggja heildstæða og samræmda nálgun við landamæravörslu og styðja lögregluembættin í verkefnum því tengdu.

Meðal helstu verkefna á árinu voru eftirfylgni við aðgerðaráætlun í tengslum við Schengen-úttekt sem fram fór í byrjun árs 2017. Í þeirri úttekt komu fram alvarlegir veikleikar í nokkrum veigamiklum þáttum landamæravörslu á Íslandi og að Ísland væri ekki að uppfylla skyldur sínar samkvæmt Schengen-samningnum. Í úttektinni var m.a. bent á alvarlega veikleika í stjórnskipulagi landamæramálefna en tilurð landamæradeildar er meðal annars til komin til þess að bæta úr því. Unnið var að fjölda umbótaverkefna í tengslum við aðgerðaráætlunina og svokallaða Schengen-endurkomuheimsókn. Umbótaverkefnin voru unnin í nánú samstarfi við lögregluembættin, Landhelgisgæsluna, Tollgæsluna, Útlendingastofnun og aðrar deildir ríkislögreglustjóra. Deildin sá um undirbúning og samhæfingu hagsmunaaðila fyrir Schengen-endurkomuheimsóknina í samstarfi við dómsmálaráðuneytið en úttektin fór fram í október. Niðurstaða endurkomuheimsóknarinnar var sú að aflétt var því mati að alvarlegir veikleikar væru til staðar á landamærum Íslands þó enn væri þörf á úrbótum á nokkrum veigamiklum þáttum.

Deildin hafði umsjón með gerð stefnu stjórnvalda í málefnum landamæra í umboði dómsmálaráðuneytisins, en ráðuneytið samþykkti stefnuna í október. Stefnan var unnin í samstarfi við fjölda hagsmunaaðila en henni fylgja 44 sértækar aðgerðir sem deildinni er ætlað að fylgja eftir.

Deildin hafði frumkvæði að því að stofnaðir yrðu verkefnahópar til að hefja undirbúning að vinnu við innleiðingu á nýjum upplýsingakerfum Schengen-samstarfsins. Má þar nefna verkefnahópa um fjármögnun verkefnisins, innleiðingu á lögum og reglum, kaup á búnaði á landamærastöðvar og þróun á samþættingarlagi, en deildin leiðir störf hópanna og tryggir samræmingu. Á grundvelli samstarfssamnings við lögreglustjóran á Suðurnesjum og Ísavia þá var unnið að útboðsferli sem á að tryggja innleiðingu á inn-og útskráningarkerfi Schengen-samstarfsins (Entry/Exit System (EES)), en embættið annast eigin innkaup í því verkefni í samstarfi við innkaupadeild Ísavia. Verkefnið gengur meðal annars út á það að sjálfvirknivæða landamæraeftirlit á Keflavíkurflugvelli eins og kostur er, með skilvirkni og öryggi að leiðarljósi og kaup á landamærabúnaði fyrir öll lögregluembættin í landinu.

Deildin kom að undirbúningi að stofnun einingar innan lögreglunnar sem sinnir farþegalistagreiningu á landsvísu og innleiðingu á nýju farþegalistakerfi. Verkefnið hefur verið í undirbúningi í nokkurn tíma. Starfsmenn deildarinnar fóru í vettvangsferð til Hollands og Danmerkur þar sem sambærilegar einingar hafa verið settar upp. Auk þess var haldin hér á landi vinnustofa með fulltrúum frá farþegalistagreiningardeildum Norðurlandanna.

Á árinu var unnið að uppfærslu á stofnreglugerð Landamæra- og Strandgæslu-stofnunar Evrópu (Frontex) og tók deildin þátt í mótun og umræðu um breytingar á reglugerðinni. Helsta nýmæli í nýrri og uppfærðri reglugerð Evrópusambandsins nr. 2019/1896 var stofnun stöðuliðs Frontex en deildin tók þátt í þeirri vinnu, m.a. varðandi greiningu á framlagi Íslands í stöðuliðið. Í tengslum við þetta verkefni sóttu starfsmenn deildarinnar nokkra vinnufundi og vinnustofur. Stjórnarfundur Frontex með um 100 þátttakendum var haldinn á Íslandi í september en deildin tók þátt í undirbúningi fyrir þann fund í samstarfi við lögreglustjóran á Suðurnesjum.

Deildin hafði yfirumsjón með gagnaöflun fyrir veikleikamat Frontex í samstarfi við greiningardeild og aðra hagsmunaaðila. Í tengslum við veikleikamatið tók deildin þátt í vinnu við gerð viðbragðsáætlunar vegna yfirálags á landamærum í samstarfi við almannavarnardeild og aðra hagsmunaaðila.

Deildin hafði umsjón með heimsóknum erlendra aðila í tengslum við ofangreind verkefni. Samtals komu 11 vinnuhópar og sendinefndir til landsins sem deildin tók þátt í að undirbúa og skipuleggja í samstarfi við hagsmunaaðila. Þá sóttu starfsmenn deildarinnar 12 fundi og ráðstefnur erlendis.

Tölvudeild



Deildin hefur umsjón með og ber ábyrgð á þróun, uppbyggingu og rekstri upplýsingakerfa lögreglunnar. Starfsmenn voru átta, þ.e. deildarstjóri, verkefnastjóri vegna Schengen-tölvukerfa, fjórir tæknimenn og tveir forritarar. Deildin hefur umsjón með tölvuneti og upplýsingatæknibúnaði allra lögregluembættanna nema lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þá hefur hún einnig umsjón

með tölvuneti og upplýsingatæknibúnaði Útlendingastofnunar, Ríkissaksóknara og Héraðssaksóknara. Á neti lögreglunnar eru alls rúmlega 1.300 notendur á u.þ.b. 60 starfstöðvum. Deildin sinnir jafnframt notendabjónustu við lögregluna á landsvísu, Útlendingastofnun, Ríkissaksóknara og Héraðssaksóknara. Á árinu voru um 200 útstöðvar endurnýjaðar hjá lögregluembættunum.

Mikil samvinna hefur verið við Stafrænt Ísland með það markmið að stjórnun og stjórnsýsla verði í meira mæli miðlæg. Má nefna samvinnu embættisins um leyfisveitingagátt og með því unnið að aukinni sjálfvirkni og sjálfsafgreiðslu í gegnum nýtt vefþjónustulag sem gerir fólki kleift að sækja sér sín eigin skjöl til lögreglu.

Mikil þróun var á LÖKE smáforritinu (appi) fyrir spjaldtölvur lögreglunnar en þar var bætt inn ýmsum möguleikum sem auðveldar starf lögreglu á vettvangi s.s. vegna uppflettinga og skráninga. Virkjuð var gátt til að halda utan um og auðvelda uppfærslur, eftirlit og dreifingu á LÖKE smáforritinu. Á árinu fóru 25 nýjar útgáfur af því í dreifingu.

Önnur hugbúnaðarþróun vegna upplýsingakerfa lögreglu er aðkeypt.

Vinna við breytingar á SIS (Schengen Information System) kerfinu hófst á árinu þar sem í nýrri reglugerð Evrópusambandsins voru ákvæði um auknar kröfur á aðildaríkin um vistun gagna m.a. á vistun lífkenna (fingrafara, lófaför og andlitsmyndir). Einnig var bætt við vistun lífkenna sem fengin eru á vettvangi glæps, vettvangsför sem og fleiri nýjum flokkum bætt við. Stefnt er að því að þessi nýja útgáfa SIS kerfisins verði komin í notkun í upphafi árs 2022 en þá tekur nýja reglugerðin formlegt gildi.

Viðræður eru enn í gangi hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um endurnýjun VIS (Visa Information System) og Eurodac (European Dactyloscopy) kerfanna. Þá aðstoðaði deildin fulltrúa Íslands sem sat fundi framkvæmdastjórnarinnar um þessi tvö kerfi.


Á árinu hófst innleiðingarferli á nýjum kerfum sem samþykkt höfðu verið af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Kerfin sem um ræðir eru; EES (Entry-

Exit) og ETIAS (European Travel Authorisation and Information System). Einnig hófst vinna við innleiðingu á þjónustum sem munu auðvelda samþættingu allra Schengen kerfanna. Sú vinna er unninn með landamæradeild. Innleiðingarferlið, útboð á búnaði sem þarf á landamærum sem og útboð á hugbúnaði var unnið í samstarfi við Dómsmálaráðuneytið

Þá var unnið að útboði á nýju lífkennakerfi fyrir lögregluna, svokallað ABIS kerfi. Eftir gerð útboðsgagna og yfirferð á innsendum tilboðum var horfið frá þeim áætlunum. Deildin hefur síðan unnið að því að endurvekja þetta verkefni. Ekki eingöngu vegna krafna sem lagðar eru á lögregluna vegna aðildar að Schengen heldur einnig til að auka getu hennar við meðferð á lífkennum.

Samstarf var með landamæradeild og Tollinum um farþegagreiningakerfi sem fékk vinnuheimtið G2, í því fólst þarfagreining, samningagerð um skil flugfélaga á farþegalistum o.fl. Gerður var samningur um notkun á bandarísku kerfi og mun innleiðing á því hefjast árið 2020.

Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu



Árið var viðburðaríkt hjá Mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu (MSL) líkt og fyrir ár. Á árinu voru tveir árgangar lögreglufræðanema við Háskólann á Akureyri í starfsnámi hjá MSL auk þess sem fjöldi lengri og skemmri námskeiða og ráðstefna voru haldnar.


Starfsnám lögreglufræðinema við Háskólann á Akureyri hjá lögreglu er 24 ECTS einingar og nær yfir þrjár annir. Fyrstu tvær annirnar fara alfríð fram í lotukennslu í húsnæði MSL en á síðustu önn námsins fara nemendur til lögregluembættanna í starfsþjálfun. Hjá MSL fá nemendur þjálfun í hagnýtri úrlausn lögregluverkefna, s.s. samtalstækni, skýrslugerð og skráning í lögreglukerfið (LÖKE), handtökuaðferðir og akstur með forgangi. Alls voru 102 nemendur í starfsnámi, ýmist hjá MSL eða einhverju af níu lögregluembættum landsins.

Alls sóttu 198 nemendur í lögreglufræði við Háskólann á Akureyri um starfsnám fyrir vorið 2019, 93 karlar og 105 konur. Af þeim 130 sem þreyttu þrekpróf voru 89 sem stóðust. Þá voru 80 umsækjendur sem stóðust þá þrjá áfanga sem þörf er á að ljúka (undirbúningur að starfsnámi, inngangur að lögreglufræði og inngangur að lögfræði). Ákveðið var að taka 52 nemendur í starfsnám, 27 karlar og 25 konur, sem hófst í janúar 2019.



Sí- og sérmenntun

Á árinu stóð MSL fyrir ráðstefnum, vinnustofum og hélt fjölda námskeiða auk þess að bjóða uppá lengra nám á sviði rannsókna sakamála og stjórnunar lögreglurannsókna. Einnig hófst undirbúningur fyrir stjórnunarnám fyrir stjórnendur vakta í almennri löggæslu. Námið samsvarar 10 ECTS einingum. Alls voru 53 viðburðir á árinu sem skipta má í sérhæfð námskeið, lengra nám, ráðstefnur og málþing auk aðgerðapjálfunar sem var framkvæmd af sersveit. Þáttendur á þessum viðburðum voru 1.276 en tímalengd hvers viðburðar gat verið frá hálfum degi upp í hálf t. Á mynd 11 má sjá skiptingu þátttakenda eftir tegund viðburða.



Mynd 11. Fjöldi þátttakenda eftir tegund viðburða á árinu 2019.

Aðkoma erlendra sérfræðinga að þjálfun

MSL fékk á árinu fjölda erlendra sérfræðinga til að miðla þekkingu sinni innan lögreglunnar.

Í janúar kom breski skýrslutökusérfræðingurinn Phil Morris og hélt námskeið í skýrslutökum fyrir brotþola kynferðisofbeldis. Phil er MSL að góðu kunnur því hann hefur haldið hér nokkur námskeið í skýrslutökum undanfarin misseri.

Þá kom Alexandra Grunow sérfræðingur í sporhundapjálfun í Þýskalandi og hélt fyrirlestur um leit að fólki með sporhundum.

Í febrúar var haldið árlegt námskeið og kynning á Politi og Toll i Norden (PTN) fyrir lögreglumenn og aðra starfsmenn lögreglu sem þurfa að þekkja til úrræða erlends lögreglusamstarfs. Hingað mættu átta sambandsmenn frá PTN og kynntu lögreglusamstarfið.

Í apríl komu, í tengslum við námskeiðið Ýmsar rannsóknaraðgerðir lögreglu, sérfræðingar frá lögreglunni í Noregi og Danmörku er þjálfuðu rannsakendur í verklegum æfingum í tengslum við skyggingar.

Í júní kom Shahar Tiano sérfræðingur í Cellebrite Analytics Enterprise hugbúnaðinum sem er sérstaklega ætlaður til úrvinnslu á gögnum úr sínum og öðrum tækjum. Þetta tveggja daga námskeið sóttu rannsóknarlögreglumenn og aðrir sérfræðingar er vinna við úrvinnslu símagagna.

Í ágúst var haldið tveggja daga námskeið um fjármögnun hryðjuverka í samráði við öryggisþjónustu Finnlands (SUPO). En þrír sérfræðingar frá þeim komu og fjölluðu um málefnið. Námskeiðið sóttu auk sérfræðinga frá lögreglu, Skattrannsóknarstjóra, Ríkisskattstjóra, Fjármálaeftirlits og Embættis tollstjóra.

Í september héldu fulltrúar Drug Enforcement Administration European Region (DEA) þriggja daga námskeið fyrir rannsakendur og ákærendur varðandi málefni er tengjast fíkniefnum og fíkniefnarannsóknum.

Í byrjun desember hélt MSL alþjóðlega ráðstefnu um kynferðisbrot gegn börnum á netinu (e. Combating Online Child Sexual Abuse) í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, Dómsmálaráðuneytið, Ríkissaksóknara og Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Ráðstefnan var styrkt af Norrænu ráðherranefndinni. Sérfræðingar frá Danmörku, Finnlandi, Noregi, Hollandi auk íslenskra sérfræðinga í málaflokknum héldu þar fyrirlestra.

Evrópski lögregluskólinn – CEPOL

Evrópski lögregluskólinn (European Police College, CEPOL) er miðlægt menntasetur fyrir starfsfólk lögreglu í löndum Evrópusambandsins. MSL gerði í árslok 2016 samning við CEPOL sem gerir starfsfólki lögreglunnar á Íslandi kleift að sækja sér námskeið og fræðslu hjá þeim. Námskeiðin eru bæði vefnámskeið og staðnámskeið sem haldin eru víðsvegar um Evrópu. Undanfarin ár hefur CEPOL lagt mikla áherslu á vefnámskeið þar sem starfsfólk lögreglu getur tekið þátt í

fjölbreyttu framboði námskeiða á sinni heimastarfsstöð. Þetta fyrirkomulag hentar einkar vel og eykur aðgengi lögreglunnar að sérhæfðum fræðslufyrirlestrum og nýttu fjölmargir starfsmenn lögreglu sér það. Fimm starfsmenn lögreglu sóttu staðbundin námskeið á vegum CEPOL. Þátttakendur eða vinnustaðir þeirra greiða fyrir ferðir og uppihald en engin námskeiðsgjöld eru innheimt af CEPOL. Allar upplýsingar og námsframboð er aðgengilegt á vefsíðu MSL. Tengiliðir aðildarlanda CEPOL funda tvisvar á ári í Budapest í Ungverjalandi, þar sem höfuðstöðvarnar eru staðsettar. Fulltrúi MSL sótti þá fundi í apríl og október.

Nordic Cooperation in Police Education (NORDCOP) samstarfið

MSL, ásamt Háskólanum á Akureyri, er samstarfsaðili lögregluskólanna á Norðurlöndunum, undir formerkjum NORDCOP. Samstarfið hefur staðið um langan tíma undir formerkjum samstarfs ríkislögreglustjóra Norðurlandanna og er fjármagnað af ríkislögreglustjórunum en hefur einnig verið styrkt af NORDPLUS. Samstarfið miðar að því að efla grunnám til starfsréttinda í lögreglustarfi með því að þróa sameiginlega námsþætti og námsefni, s.s. á sviði tölvubrota, aksturs með forgangi, aðgerðabjálfun og landmæraeftirlit. Fulltrúi MSL í NORDCOP samstarfinu fundar með fulltrúum Norðurlandanna tvisvar á ári. Þá eru nemendaskipti mikilvægur þáttur í samstarfinu sem hafa verið árleg síðastliðin ár. Í byrjun apríl komu lögreglunemar frá Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku í starfsheimsókn til Íslands. Dvöldust nemarnir hér á landi í þrjár vikur og var þétt setin dagskrá þar sem þeir heimsóttu mörg lögregluembætti og kynntust starfsemi lögreglunnar á Íslandi.

Skólastjórafundur Norðurlandanna

Hinn árlegi fundur skólastjóra og/eða stjórnenda lögreglunáms á Norðurlöndum var haldinn í Malmö í Svíþjóð í apríl. Meðal þess sem rætt var á fundinum var þróun náms á Norðurlöndunum miðað við núverandi áskoranir í hverju landi, nemendaskipti, vísindarannsóknir og sameiginleg þróunarverkefni sem styrkt eru af NORDPLUS.

Heimsóknir og kynningar

Vegna nýs fyrirkomulags á lögreglumenntun og umgjörð símenntunr fyrir starfsfólk lögreglu hefur eftirspurn og þörf á kynningu starfsemi MSL aukist. Margir hafa komið til að kynna sér starfsemina og einnig hafa fulltrúar MSL farið í stofnanir og kynnt hlutverk MSL.

Á vordögum var MSL með kynningarbás á opna háskóladeginum í Háskóla Íslands ásamt Háskólanum á Akureyri þar sem fjölmargir lögðu leið sína til að fræðast um námið í lögreglufræðum. Þá var MSL einnig með kynningarbás ásamt Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu á Framadögum sem haldnir voru í Háskólanum í Reykjavík þar sem starfsnám lögreglu var kynnt.


Í júnitók fulltrúi MSL þátt í ráðstefnu norska lögregluháskólans um lögreglumenntun sem haldin var í Osló og í september tók annar fulltrúi þátt í námskeiði lögregluskólans í Hollandi um tækniþróun í lögreglumenntun. Þátttakendur komu víðsvegar að og kynntu fulltrúar MSL námið á Íslandi auk þess sem þeir



kynntu sér þróun námsskrár BA náms í lögreglufræðum í samstarfslöndunum. Heimsóknirnar voru liður í að þróa lögreglufræðinámið, auka gæði þess og finna leiðir til að samþætta betur akademískt nám og verklega þjálfun.

Skjalastýring og móttaka

Á árinu lauk fimm ára skjalatímabili sem var fyrsta skjalatímabil embættisins eftir að rafræn skil til Þjóðskjalasafns voru tekin upp. Mikil áhersla var lögð á að frágangur skjala væri sem næstur rauntíma, þar sem skila á rafrænni vörsluútgáfu til Þjóðskjalasafns Íslands innan árs frá því að skjalatímabili lýkur. Fjöldi mála í skjalavörslukerfinu fyrir árið eru 2.120, sem er töluverð fækkun frá fyrra ári. Sjá mynd 12. Fækkunin kom til vegna breytinga á verklagi frá 2018 en alþjóðadeild og stoðdeild skrá nú öll lögregluverkefni í lögreglukerfið (LÖKE), sem er óháð skjalavörslukerfinu, en fram til þessa voru mál þeirra skráð og vistuð í skjalavörslukerfinu (GoPro).



Mynd 12. Fjöldi mála í skjalavörslukerfinu GoPro fyrir árin 2015-2019.

Vegna þessa tímamóta var endurnýjuð umsókn á rafrænum skilum til Þjóðskjalasafns til næstu fimm ára (2020-2024). Samhliða því var málalýkill ríkislögreglustjóra endurskoðaður og verklagsreglur uppfærðar. Þjóðskjalasafn Íslands samþykkti nýjan málalýkil í desember og gildir hann til lok árs 2024. Í nóvember var skjalavistunarkerfið uppfært úr GoPro.net yfir í GoPro Foris og var í kjölfarið haldin kynning og námskeið fyrir starfsmenn í samstarfi við Hugvit.

Rannsóknir og þróun

Embættið fylgist með þróun afbrota á landsvísi en tveir megin mælikvarðar eru notaðir til þess. Annars vegar eru gerð ýmis konar greiningar á tölum úr málaskrárkerfi lögreglunnar (LÖKE). Hins vegar stendur embætti ríkislögreglustjóra í samvinnu við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu að gerð þolendakönnunar, þar sem reynsla almennings af afbrotum eru könnuð og í hve miklum mæli brot eru tilkynnt til lögreglu. Í könnuninni er einnig spurt um viðhorf til lögreglu og öryggistilfinningu landsmanna.

Tölur úr málaskrárkerfi lögreglu

Ár hvert er gefin út skýrsla um afbrotatölfræði þar sem birtar eru staðfestar tölur um afbrot ársins á undan samkvæmt LÖKE. Bráðabirgðatölur eru birtar í byrjun hvers árs fyrir árið á undan, áður en skýrslan um staðfestar tölur er gefin út um mitt ár. Í báðum skýrslum eru birtar greiningar eftir helstu brotaflokkum, lögregluembættum auk upplýsinga um magn fíkniefna sem lagt var hald á. Í töflu 7 má sjá brotaflokkana sem fjallað er um í skýrslunni.


Tafla 7. Fjöldi brota árið 2019 miðað við meðaltal áranna á undan, eftir helstu brotaflokkum.

Brotaflokkur	Meðaltal 2016-2018	2019	Hlutfallsleg aukning	Fráv.hlutfall* >8%<
Auðgunarbrot	5.491	5.608	2%	-
Áfengislagabrot	735	640	-13%	↓
Brot gegn friðhelgi einkalífs	923	935	1%	-
Eignaspjöll	1.830	1.814	-1%	-
Fíkniefnabrot	2.099	2.160	3%	-
Kynferðisbrot	509	658	29%	↑
Nytjastuldur	401	437	9%	↑
Ofbeldisbrot	1.678	1.678	0%	-
Skjala- og peningafals	310	F375	21%	↑
*Frávikshlutfall: aukning/fækkun innan 8% = -, aukning umfram 8% = ↑, fækkun umfram 8%=↓				

Könnun um viðhorf til lögreglu og reynslu íbúa

Í júní og júlí var könnunin „Reynsla landsmanna af afbrotum og öryggistilfinning íbúa 2019“ lögð fyrir almenning. Félagsvísindastofnun tók saman niðurstöður um viðhorf til lögreglu og þjónustu við íbúa. Í niðurstöðum kom meðal annars fram að um 33% landsmanna, 18 ára og eldri, leituðu til lögreglu á árinu 2018. Flestir hringdu á neyðarlínu eða 55,1% og næstflestir eða 29,1% hringdu beint á lögreglustöð. Um fjórðungur þeirra sem leituðu eftir þjónustu lögreglu gerðu það í gegnum samfélagsmiðla lögreglu.

Í sömu könnun var spurt út í reynslu af afbrotum og sýndu niðurstöður að um 28% íbúa höfðu orðið fyrir a.m.k. einu broti þ.e. eignaspjöllum, þjófnaði, innbroti, ofbeldisbroti og/eða kynferðisbroti, árið 2018. Sjá mynd 13. Flestir höfðu orðið fyrir eignaspjöllum eða 15% og næstflestir fyrir þjófnaði eða 10,9%. Skýrslurnar má finna á www.logreglan.is.




Mynd 13. Fjöldi og hlutföll landsmanna sem urðu fyrir broti árið 2018 (þ.e. eignaspjöllum, þjófnaði, innbroti, kynferðisbroti og/eða ofbeldisbroti).

Starfsumhverfi lögreglu og öryggistilfinning í starfi

Árlega framkvæmir rannsóknir og þróun könnun meðal lögreglumanna sem mæla á, meðal annars, starfsánægju og öryggistilfinningu þeirra í starfi. Í könnuninni er spurt um upplifun lögreglumanna árið á undan. Niðurstöðurnar sýndu að öryggistilfinning lögreglumanna hélst óbreytt á milli ára og sögðust 74% upplifa sig frekar eða mjög örugga á dæmigerðum vinnudegi árið 2018. Sjá mynd 14. Hjá 72% svarenda hafði öryggistilfinning þeirra ekki breyst milli ára.

Starfsánægja lögreglumanna var sú hæsta sem mælst hefur síðan árið 2014. Alls sögðust um 92% lögreglumanna sig hafa nokkra eða mikla ánægju af starfi sínu sem lögreglumaður.

Niðurstöður könnunarinnar voru birtar á innri vef lögreglunnar.



Mynd 14. Niðurstöður spurningarinnar „Hversu óörugga(n)/örugga(n) upplifðir þú þig í vinnunni á dæmigerðum vinnudegi á síðastliðnu ári?“

Starfsmenn lögreglu


Félagastuðningur og handleiðsla starfsmanna

Í október var haldið námskeið í félagastuðningi sem Helgi Héðinsson sálfræðingur hjá sálfræðiþjónustunni Líf og sál hafði umsjón með. Á námskeiðinu var meðal annars farið yfir félagastuðningskerfi lögreglunnar og hagnýtingu þess í lögreglustarfinu og þá sérstaklega fjallað um kulnun í lífi og starfi, leiðir til forvarna, úrræði og eftirfylgni. Í kjölfarið voru útbúin stutt fræðslumyndbönd fyrir starfsmenn lögreglu. Alls sóttu 13 starfsmenn námskeiðið.

Stuðningur fagfólks er mikilvægur fyrir félagastuðningskerfi lögreglunnar og voru a.m.k. 163 starfsmenn lögreglunnar sem sóttu sálfræðiþjónustu á árinu. Þá voru haldnir tveir hóphandleiðslufundir. Alls greiddi ríkislögreglustjóri rúmlega 13,1 milljónir í sálfræðikostnað á árinu.

Sálfræðingar sálfræðiþjónustunnar Líf og sál sinntu flestum viðtölunum samkvæmt samningi en starfsmenn lögreglu geta einnig sótt þjónustu til annarra löggildra heilbrigðisstarfsmanna, svo sem sálfræðinga, geðlækna, félagsráðgjafa og geðhjúkrunarfræðinga. Tilvísanakerfi félagastuðningsins er í umsjón verkefnastjóra mennta- og starfspróunarseturs lögreglunnar (MSL).





Mynd 15. Þróun ásóknar í sálfræðiviðtöl.

Jafnréttismál lögreglunnar

Jafnréttisfulltrúi lögreglunnar starfar á landsvísu og fer með umsjón jafnréttismála lögreglunnar. Kemur hann úr röðum starfsmanna lögreglu og er Kristbjörg Fjóla Hrólfsdóttir lögfræðingur hjá ríkislögreglustjóra núverandi jafnréttisfulltrúi.

Í janúar var jafnréttisfulltrúi lögreglunnar með kynningu á jafnréttismálum lögreglunnar fyrir nema í lögreglufræðum við Háskólann á Akureyri sem hófu starfsnám hjá mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu (MSL). Um er að ræða árlega kynningu sem nemendur fá í fyrstu viku starfsnámsins og er mikilvægur liður í að vekja nýja starfsmenn til meðvitundar um jafnréttismál innan lögreglu um leið og þau hefja starfsnám.

Í apríl var haldinn fundur jafnréttisnefndar lögreglunnar. Á fundinum var nefndar-meðlimum meðal annars kynnt ný vefsíða fagráðs ríkislögreglustjóra² en vefsíðuna má nálgast á slóðinni www.fagradlogreglu.is. Á árinu bárust fagráðinu fimm mál. Fjögur málanna vörðuðu einelti og eitt mál varðaði kynbundnið áreitni.

Í apríl var jafnréttisfulltrúinn með kynningu á jafnréttismálum lögreglunnar fyrir Jafnréttisskóla háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Í september funduðu jafnréttisfulltrúar lögreglu og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu ásamt tveimur fulltrúum lögreglunnar á Nýja-Sjálandi þar sem rætt var um jafnréttismál lögreglu ríkjanna.

Í nóvembervarhaldinn árlegur fundur jafnréttisnefndar lögreglu og jafnréttisfulltrúa lögregluembættanna þar sem fulltrúar frá fagráði ríkislögreglustjóra komu og kynntu fagráðið. Einnig var lagður grunnur að samræðuvettvangi fyrir mála flokkinn og farið yfir tölulegar upplýsingar um stöðu jafnréttismála innan lögreglunnar.

² Fagráð ríkislögreglustjóra er ráð óháðra fagaðila sem tekur á móti fyrirspurnum og tilkynningum þolenda og öðru starfsfólki lögreglu um mál er varða beina og óbeina mismunun, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, kynbundnið ofbeldi og einelti innan lögreglunnar. Allt starfsfólk lögreglu á rétt á að fá aðstoð og leiðsögn hjá fagráðinu. Fagráðið aðstoðar við að meta aðstæður og ákveða frekari aðgerðir, en á því stigi gætir ráðið trúnaðar gagnvart tilkynnanda.

Fjöldi skráðra atvika/óhappa/slysa starfsmanna lögreglu

Í gegnum atvika- og slysaskráningarvef lögreglu eiga allir starfsmenn lögreglu að geta tilkynnt um slys, óhapp eða atvik sem gerist í starfi. Fjöldi skráðra atvika á árinu voru 156 talsins, flest atvik voru skráð hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, sem er langstærsta lögregluembætti landsins. Þegar flokkun áverka³ er skoðuð má sjá að flest atvik voru flokkuð undir „Annað“ og „Enginn áverki valinn“ atvik, þar næst undir Tognun/liðhlaup. Sjá töflu 8.

Tafla 8. Fjöldi atvika eftir flokkun áverka eftir tegund árið 2019.

Flokkun áverka	Fjöldi
Annað	44
Beinbrot	4
Bruni	1
Eitrun	1
Enginn áverki valinn	63
Innvortisblæðing	1
Smithætta	
Tognun / liðhlaup	33
Útvortisblæðing	6
Samtals	162

Algengustu orsök áverka⁴ starfsfólks lögreglu voru „Högg“ en margt féll undir „Annað“. Sjá töflu 9.

Orsök áverka	Fjöldi
Högg	55
Annað	29
Fall á jafnsléttu	14
Hvass / beittur hlutur	4
Klemmdist/festist í vél	3
Ofraun á líkama	3
Hættuleg efni og efнасambönd	2
Hiti eða kuldi	1
Samtals	111

Tafla 9. Fjöldi atvika eftir orsök áverka árið 2019.

3 Undir flokkun áverka er hægt að velja fleiri en einn valmöguleika.

4 Undir orsök áverka er hægt að velja fleiri en einn valmöguleika.

Viðburðir, ráðstefnur og erlent samstarf

Ríkislögreglustjóri annaðist öryggisgæslu og umferðarfylgdir í samvinnu við lögregluembættin eftir atvikum vegna 24 opinberra heimsókna, ráðstefna og alþjóðlegra funda. Umfangsmestu verkefni voru vegna heimsókna Mike Pence varaforseta Bandaríkjanna, Angelu Merkel kanslara Þýskalands, forseta Indlands og fundar forsætisráðherra Norðurlandanna sem haldinn var í Viðey.

Janúar: Heimsókn utanríkisráðherra Finnlands.

Febrúar: Opinber heimsókn utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Mars: Heimsókn yfirmanns undirherstjórnar NATO. Fundur félags- og heilbrigðisráðherra Norðurlandanna.

Apríl: Fundur vinnumálaráðherra Norðurlandanna. Heimsókn utanríkisráðherra Póllands.

Júní: Heimsókn aðalritara framkvæmdastjórnar kínverska Kommúnistaflokksins. Heimsókn yfirmanns þýska hersins. Heimsókn framkvæmdastjóra NATO. Opinber heimsókn forseta Þýskalands. Heimsókn yfirmanns bandarísku leynipjónustunnar.

Júlí: Heimsókn varaforseta Alþýðupings Kína.

Ágúst: Heimsókn Angela Merkel kanslari Þýskalands. Fundur forsætisráðherra Norðurlandanna.

September: Fundur dómsmálaráðherra Norðurlandanna. Heimsókn Mike Pence varaforseti Bandaríkjanna. Opinber heimsókn forseta Indlands. Fundur utanríkisráðherra Norðurlandanna.

Október: Arctic Circle. Heimsókn forsætisráðherra Finnlands. Heimsókn krónprinsessu Svíþjóðar. Heimsókn orkumálaráðherra Bandaríkjanna.

Nóvember: Heimsókn formanns hermálanefndar NATO. Heimsókn yfirmanns herstjórnar NATO.

Fundir og námskeið sérsveitar

Árlegur fundur yfirmanna sérsveita á Norðurlöndum. Mikilvægur vettvangur fyrir sameiginleg málefni sérsveitanna á sviði þjálfunar, búnaðar og skipulags. Tveir fulltrúar sérsveitar sóttu fundinn sem haldinn var í Svíþjóð í mars.

Nordic Sniper Workshop. Sameiginleg námskeið riffilskyttna sérsveita á Norðurlöndunum. Tveir fulltrúar sérsveitar sóttu námskeið sem haldið var í Svíþjóð í september.

Námskeið fyrir umsjónarmann sprengjuleitarhunds. Umsjónarmaður sprengjuleitarhunds sótti námskeið um sprengjuleit í Svíþjóð í apríl og námskeið í sporleit í Þýskalandi í maí. Þá kom fullrúi frá lögreglunni í Svíþjóð til Íslands, í febrúar, og tók út sprengjuleitarhundinn Klett sem stóð sig vel.

Námskeið í Svíþjóð í ágúst. Námskeið í fortölum(crisis negotiation) haldið af sænsku lögreglunni. Tveir fulltrúar í fortöluhóp sérsveitar sóttu námskeiðið.

Námskeið í Danmörku. Samnorrænt námskeið fyrir stjórnendur í sérsveitum. Tveir fulltrúar sérsveitar sóttu námskeiðið sem haldið var í þremur lotum yfir árið.

Fundur í Finnlandi í apríl. Fundur fortöluhópa lögreglu á norðurlöndunum. Einn fulltrúi í fortöluhóp sérsveitar sótti fundinn.

Samnorrænir fundir um samstarf almennrar lögreglu á Norðurlöndunum (NOFOPS). Sóttir voru fimm fundir þar sem fjallað var um samvinnu almennrar löggæslu á sviði áætlanagerðar, tækjabúnaðar lögreglu og fl. NOFOPS er samráðsvettvangur yfirmanna ríkislögreglustjóraembætta á Norðurlöndum en þar er fjallað um ýmis mál tengd samstarfi lögregluliða.

Námskeið í Austurríki í mars. Námskeið á vegum Glock verksmiðjunnar í viðhaldi á Glock skammbýssum. Einn fulltrúi frá sérsveit sótti námskeiðið.

Námskeið og fundir á vegum ATLAS - samstarfsins. Samstarf sérsveita í Evrópu. Alls voru sótt 7 námskeið / fundir á vegum ATLAS.

Fundur í Svíþjóð í mars. Fundur með NEG (Nordic Equipment Group) Einn fulltrúi frá sérsveit sótti fundinn.

Námskeið fyrir sprengjusérfræðinga. Einn sprengjusérfræðingur sótti námskeið í sprengjurofi og hlaut kennsluréttindi. Námskeiðið var haldið í Toronto í Kanada.

Fundur yfirþjálfara sérsveita á Norðurlöndunum haldinn í Finnlandi í nóvember. Árlegur fundur þar sem yfirþjálfarar sérsveitanna fara yfir æfingaáætlanir og samstarf sérsveitanna á sviði þjálfunar. Yfirþjálfari sérsveitar ríkislögreglustjóra sótti fundinn.

Námskeið í Þýskalandi í mars. Námskeið í sjálfsvörn fyrir sérsveitir á vegum SEK. Tveir fulltrúar sérsveitar sóttu námskeiðið.

Námskeið í Noregi í febrúar. Námskeið í vetrarakstri, lokahluti AMF námskeiðs til kennsluréttinda í MSL. Einn fulltrúi frá sérsveit sótti námskeiðið.

Fundir og námskeið stoðdeildar

PRAN. Stoðdeildin sækir reglulega fundi á vegum Frontex þar sem málum tengdum fylgdum úr landi eru rædd og nýjungar kynntar. Hluti þeirra funda er í svokölluðum PRAN (Pre-Return Assistance Network) þar sem þjóðirnar eru að aðstoða hvor aðra við undirbúning á málum tengdum fylgdum úr landi til fjarlægara landa.

ERRIN. Frontex hefur tekið yfir ERRIN (European Return and Reintegration Network) þar sem tengslanet er til staðar fyrir þau sem fara aftur heim eru aðstoðuð við að koma undir sig fótunum, bæði fjárhagslega og félagslega. Stoðdeildin hefur leitt saman fulltrúa þessa samstarfs hjá Frontex og Útlendingastofnunar.

ESCORT LEADER. Einn lögreglumaður deildarinnar hefur fengið þjálfun og kennslu sem leiðbeinandi hjá Frontex á s.k. Escort Leader námskeiðum sem haldin eru nokkrum sinnum á ári hjá Frontex og tók hann þátt sem leiðbeinandi á nokkrum slíkum. Einnig sat hann fundi þar sem námskeiðið var þróað út frá nýju verklagi og reglum sem taka stöðugum breytingum.

ILO tengslanet. Stoðdeildin hefur unnið markvisst að því að efla tengslanet sitt vegna staðfestingar á einkennum einstaklinga og að afla ferðaskilríkja. Ísland hefur ekki gert gagnkvæma samninga við mörg heimaríkja þeirra hælisleitenda sem deildin sinnir. Deildin er í tengslum við tengslafulltrúa Norðurlanda og sækir fundi ILO (Immigration Liaison Officers), alþjóðlegt tengslafulltrúanet allra Evrópusambandslandanna ásamt Íslandi og Noregi.



